


19. desember 2014

Líkur á frekari lækkun eldsneytisverðs á næstunni

Frá því í byrjun júlí hefur heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkað um 47% en verð á Brent hráolíutunnu stendur nú nálægt 60 bandaríkjadöllum. Í íslenskum krónum talið hefur lækkunin verið ívið minni eða um 40% sökum styrkingar bandaríkjadals gagnvart flestum myntum og þar með talið krónunni. Á sama tíma hefur eldsneytisverð í smásölu innanlands aftur á móti einungis lækkað í kringum 15% og hafa verið vangaveltur um hvort innstæða sé fyrir frekari lækkun olíuverðs á næstunni.

Lækkun heimsmarkaðsverðs á olíu og eldsneytisverðs frá því í júlí




Heimildir: Bloomberg, mælingar Greiningardeildar

Lækkun á eldsneytisverði innanlands rímar ágætlega við fyrra mat á hráolíuverðsleka


Stærsta skýringin á því af hverju eldsneytisverð innanlands lækkar minna en heimsmarkaðsverð á olíu er að um helmingur af hverri krónu sem greidd er fyrir bensínlítrann rennur í ríkiskassan. Þar er um að ræða krónutölugjöld, sem er föst upphæð, líkt og almennt bensíngjald, sérstakt bensíngjald og kolefnisgjald. Jafnframt er greiddur virðisaukaskattur af eldsneyti líkt og sjá má á myndinni að neðan. Sá helmingur sem rennur til olíufélaganna skiptist annars vegar í innkaupaverð á eldsneyti og hins vegar í álagningu (þ.e. annar rekstrarkostnaður, fjárfestingar og framlegð). Það má því áætla að innkaupaverð nemi um 30-40% af kostnaðinum við hvern bensínlítra, álagning nemi 10-20% og um 50% renni í skatta. Samkvæmt því ætti 1% lækkun á heimsmarkaðsverði á hráolíu að skila um 0,3-0,4% lækkun á eldsneytisverði innanlands. Það rímar nokkurn veginn við þá 15% lækkun á eldsneytisverði sem við höfum séð frá því í júlí, samanborið við 40% lækkun á verði á hráolíu.

Í fyrri [Markaðspunkti um áhrif hráolíuverðs á eldsneytisverð innanlands](#) var einnig áætlað með tölfræðilegu mati að langtíma hráolíuverðslekinn næmi um 0,38%. Með öðrum orðum, þegar hráolíuverð, mælt í íslenskum krónum, hækkar/lækkar um 1% hækkar/lækkar innlent eldsneytisverð um 0,38% til lengri tíma lítið. Það rímar einnig við þá staðreynd að um 30-40% af kostnaði við hvern bensínlítra felst í innkaupaverði.

Samsetning útsöluverðs á bensíni



■ Krónutölugjöld ■ Virðisaukaskattur
 ■ Álagning ■ Innkaupaverð

Álagning á hvern bensínlíttra
-á föstu verðlagi

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Alþingi, Bloomberg, mat Greiningardeildar

Vísendingar um aukna álagningu og líkur á frekari lækkun eldsneytisverðs

Þótt lækkun á hráolíuverði hafi að miklu leyti skilað sér út í eldsneytisverð innanlands er engu að síður áhugavert að reyna að meta hve mikið rennur í álagningu hverju sinni. Á hægri myndinni að ofan má sjá hversu margar krónur renna til olíufélaga á föstu verðlagi þegar búið er að draga frá skatta, krónutölugjöld og innkaupaverð. Þá gerum við ráð fyrir að innkaupaverð fylgi þróun hráolíuverðs á heimsmarkaði. Þar sést að frá árinu 2007 hefur álagningin að jafnaði sveiflast á milli 34-48 kr., á föstu verðlagi, á hvern bensínlíttra en frá því í sumar hefur álagningin aftur á móti hækkað upp í 52 krónur. Það eru því vísendingar um að aukin framlegð kunnri að vera innifalinn í núverandi verðlagi á eldsneyti og að svigrúm sé fyrir frekari lækkun eldsneytisverðs. Ef verð á Brent hráolíu helst í kringum 60 dali á tunnuna og gengi krónunnar gagnvart bandaríkjadal helst stöðugt má áætla að svigrúm sé til að lækka verð á bensínlíttranum niður í allt að 200 kr. á næstu mánuðum. Til gamans má geta að í gær buðu olíufélögin handhöfum afsláttarkorta og – lykla að kaupa bensín og dísil á 13-14 króna afslætti. Þeir handhafar slíkra korta og lyka sem tóku bensín í gær tóku þá, í fyrsta sinn frá árinu 2010, bensín á Íslandi á verði undir 200 krónum á lítrann.

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)